

Pési



Lesið þetta

- Ný ríkisstjórn-
nýr tímar
- Fréttir frá
skrifstofu
- Auglýsingar
- Tónleikar
- Fundir/árshátíð

Næsti Pési kemur út
12. júní. Skil á efni er
9.júní

Efni í þessu blaði:

Forystugrein	3
Árshátíð	8
Opið hús	11
Hrunaspjall	12
Kvenfélagið	17
Kökubasar	20
Tónleikar	26

Maí 2009

Ritstjóri og ábyrgðarmaður
Ísólfur Gylfi Pálmason

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir - svanhildur@fludir.is

Hrunamannahreppur, Akurgerði 6, 845 Flúðir

19. árgangur. 227. tölublað. pesi@fludir.is. Sími. 480 6600

Kurl project tískuvara frá Flúðum

Erna Óðinsdóttir, klæðskerameistari hefur opnað vinnustofu í Hvammi sem er í næsta nágrenni við Flúðir. Þar hannar Erna og saumar fallegan fatnað sem hefur vakið mikla athygli fyrir smekkvísi og frábært handbragð. Vörumerki Ernu er kurl project-Iceland, sem er skráð vörumerki á framleiðslulínu hennar. Kurl er í rauninni gamalt íslenskt orð sem þýðir klæðisstykki úr flík. Fjallað var um listakonuna og það sem hún er að fást við í Innliti og útliti á Skjá einum nýverið en einnig hefur verið vakin athygli á þessu framtaki víðar. Í fatalínu Ernu notar hún gjarnan ull þar sem hún kemur henni við sem og bómull. Erna hefur m.a tekið þátt í verkefnum á vegum Handverks og hönnunar og sýnt í Kirsuberjatrénu sem sérhæfir sig í Íslenskri hönnun en Erna hefur einmitt nýverið gengið til liðs við listakonurnar þar. Það er því hægt að nálgast hönnun Ernu í Kirsuberjatrénu, Vesturgötu 4 sem og á vinnustofunni hennar Kurl og kram, klæðskeraverkstæði hér í sveit. Það er ánægjulegt þegar ungt fólk hefur drifkraft til þess að skapa verðmæti með þessum hætti og er henni óskað gæfu og gengis. Þá hefur Erna opnað heimasíðu. Vefslóðin er <http://www.kurlproject.is/>





Opið hús hjá BM Vallá á Flúðum.

Velkomin á Opið hús í límrésverksmiðjuna laugardaginn 23. maí og kynnist íslenskri iðnaðarframleiðslu fyrir garðinn og byggingar.

Opið frá kl. 12:00 – 16:00.

Heitt á könnunni.

Flúðir :: Sími: 412 5370



BM-VALLÁ

Ný ríkisstjórn - nýir tímar.

Í upphafi þessarar viku var mynduð ný ríkisstjórn undir forsæti Jóhönnu Sigurðardóttur, Samfylkingarkonu sem hefur lengsta þingreynslu þeirra sem nú sitja á Alþingi. Næst lengstu þingreynsluna á Steingrímur J. Sigfússon sem er einmitt leiðtogi hins stjórnarflokksins, Vinstrihreyfingarinnar Græns framboðs. Þetta er söguleg stund því þetta er í fyrsta sinn sem hrein vinstristjórn nær meirihluta í kosningum á Íslandi. Reyndar hafa stjórn málafræðingar og þeir sem um stjórn málfjalla átt í erfiðleikum með að tala um hægri- og vinstristjórnir, því þau hugtök hafa verið á reiki í þeim hræringum sem átt hafa sér stað á innlendum og erlendum vettvangi, með falli kommúnismans og nú með falli frjálshyggjukapítalismans. Áður hafa flest samvinnufélög á Íslandi liðið undir lok, þó enn séu eftir nokkur öflug samvinnufélög í eigu bænda og annarra félagsmanna s.s. Sláturfélag Suðurlands og MS. Nokkur kaupfélög lifa enn s.s. kaupfélag Suðurnesja sem rekur t.d. Strax verslunina hér á Flúðum. Mörgum íbúum landsins sem eiga í fjárhagserfiðleikum vegna atvinnumissis og stórhækkaðra lána hefur þótt hægt ganga að mynda hina nýju ríkisstjórn. Það hefði verið táknrænt ef hún hefði tekið til starfa á frídegi verkamanna 1. maí. og undirstrikað með því hinn mikla árangur sem baráttumenn fyrir bættum hag verkamanna og almennings hafa náð fram í gegnum áratugina. Saga frumkvöðlanna og kyndilbera verkalýðsbaráttunnar um bættan hag almennings er merkileg saga sem ávallt ber að virða. Verkefni þessarar ríkisstjórnar eru ærin og ekki útséð með hvaða hætti hún nær utan um þau tröllauknu verkefni sem hennar bíða. Mörgum okkur sem hafa fylgst með stjórnarmyndunni í fjarlægð, finnst gríðarlegur tími hafi farið í umræður og tilraunir til þess að ná sáttum um það hvort Ísland eigi að bjóða ESB maddömunni upp í dans og kanna hvaða „mann“ hún hefur að geyma. Við óskum nýrri ríkisstjórn alls hins besta um leið og við óskum nýkjörnum alþingismönnum velfarnaðar í störfum.

Vonandi tekst að ná samkomulagi um raforku- og flutningskostnað raforku til garðyrkjubænda en þau mál brenna mjög á okkar samfélagi um leið og nauðsynlegt er að horfa til heimila, bænda, fyrirtækja og sveitarfélaga en þau eru gjarnan mjög stórir atvinnurekendur. Landbúnaðarframleiðslan er gjaldeyrisparandi um leið og hann heldur uppi mikilli atvinnu í þéttbýli t.d. hér á Suðurlandi.

Oddviti Hrunamannahrepps á alþingi

Fljótt skipast veður í lofti. Meðgöngutími oddvitans okkar á hinum pólitíska vettvangi var stuttur. Á fáeinum vikum var hann orðinn leiðtogi Framsóknarmanna á Suðurlandi og náði ásamt liði sínu betri kosningu en Framsóknarmenn fengu á Suðurlandi í kosningunum 2007. Ljóst er að Sigurður Ingi mun hætta sem oddviti hreppsins á næsta hreppsnefndafundi en sitja í hreppsnefnd út kjörtímabilið. Sigurður Ingi hefur setið í hreppsnefnd Hrunamannahrepps í 15 ár og þar af oddviti síðustu 7 árin. Honum eru þökkud góð og farsæl störf sem oddviti hreppsins og óskað velfarnaðar á Alþingi.

Hlutverkaskipti dýralækna

Dýralæknar eru til margra hluta nytsamir. Nú hafa þeir kollegar Árni Mathiesen og Sigurður Ingi haft hlutverkaskipti. Árni er farinn að vinna hjá Dýralæknahjónustu Suðurlands þar sem Sigurður Ingi vann áður, en Sigurður Ingi hefur skellt á sig bindi og er, þegar Pésinn kemur, út að hefja sinn fyrsta dag í þingsal alþingis. Oft var haft að orði að það væri nauðsynlegt fyrir þingflokk að hafa dýralækni í sinni þjónustu. Nú hefur þessi þjónusta flust frá þingfokki Sjálfstæðisflokksins yfir til Framsóknarflokksins. Ekki er vitað hvort þingmenn hafa almennt gert sér grein fyrir því hve nauðsynlegt er að hafa dýralækni í þjónustu sinni, en víst er að fyrrverandi þingmaður sem skrifar þessar línur hefur notið góðs af lækningaraðferðum oddvitans og nýja þingmannsins úr Hrunamannahreppi.

Nýja tjaldsvæðið tekið í notkun um hvítasunnuna.

Trog ehf. munu opna nýtt tjaldsvæði á Flúðum um hvítasunnuna. Á sínum tíma auglýsti Hrunamannahreppur eftir samstarfsaðilum um uppbyggingu tjaldsvæðis á Flúðum. Trogsmenn sem samanstanda af 11 einstaklingum og atvinnurekendum í Hrunamannahreppi voru þeir einu sem sýndu verkefninu áhuga. Gerður var samningur við þá sem er til 25 ára. Hann er þó uppsegjanlegur að beggja hálfu með ákveðnum fyrirvörum. Hér er um samstarfsverkefni sveitarfélagsins og Trogs að ræða. Það er stefna Trogsmanna að þarna verði í framtíðinni svokallað fimm stjörnu tjaldsvæði en eðlilega tekur sinn tíma að byggja það upp.

Bændamarkaður á Flúðum

Nú hefur verið ákveðið að efna til bændamarkaðar á Flúðum í sumar. Markaðurinn verður staðsettur í „gömlu“ ferðamiðstöðinni á Flúðum. Markaðurinn opnar um hvítasunnuna og verður opinn laugardag og sunnudag kl. 11.00 og 17.00. Fyrst um sinn verður opið á laugardögum frá 11 til 17.00. Til sölu verður matvara úr héraði s.s. korngrís, nautakjöt, bakkelsi og náttúrulega fjölbreytt úrval af grænmeti. Þá verður ýmiskonar handverk til sölu. Þá verður einnig um einskonar nytjamarkað að ræða eins og algengt er í Danmörku og kallast þar í landi „loppemarked“. Þetta er skemmtilegt framtak sem vonandi gengur vel og er kærkomin viðbót í þjónustu við gesti og gangandi.

Hreinni Hrunamannahrepp

Í vikunni hófst hreinsunarkvika í Hrunamannahreppi sem stendur til 20. maí en þá verður efnt til sérstaks rusladags þar sem fólk er hvatt til þess að láta ekki sitt eftir liggja til þess að gera fallegan hrepp enn fegurri. Tómas Þórir verktaki er boðinn og búinn að lána gáma ef á þarf að halda og eins munu starfsmenn hreppsins aðstoða ef þess verður þörf. Útnefndur hefur verið árlegur ruslamálaráðherra en það er sjálf söngkonan Esther Ágústa Guðmundsdóttir. Í lok rusladagsins þann 20. maí miðvikudaginn fyrir uppstigningadag, verður efnt til brennu og grillveislu. Verum öll með og tökum til hendinni öllum til ánægju og yndisauka.

Sigurður Ágústsson í Birtingaholti mun kurla greinar og minni trjáboli á gámasvæðinu fyrir 20. maí.

Spennandi og skemmtilegar hugmyndir við Hverhólma

Björn Kjartansson í Hvammi er með afar góðar hugmyndir um uppbyggingu ferðamannastaðar við Hverhólmann. Þar er eins og flestir vita gömul laug sem var nýtt til sundiðkunar í eina tíð. Arkitektar frá Batteríinu hafa teiknað upp hugmyndir að svæðinu og gæti þetta orðið afar skemmtileg og náttúruleg baðaðstaða fyrir heimamenn og auðvitað ferðamenn. Þarna gæti orðið okkar útgáfa af litlu Bláa lóni þar sem fólk gæti stundað böð sér til ánægju og hressingar. Einnig eru hugmyndir um veitingastað á svæðinu. Þetta verður spennandi viðbót við afþreyingu fyrir ferðamenn. Ferðamálasamtök Suðurlands funduðu einmitt hér á Flúðum í gær og er hugur í mönnum í atvinnugreininni.

Enn um raforkuverð til garðyrkjubænda

Á tyllidögum er stundum talað um hina grænu stóriðju en í uppsveitum Árnessýslu er talið að um 80% af öllu grænmeti sé ræktað. Þess eru dæmi að eitt garðyrkjubýli noti jafn mikið rafmagn og Eyrarbakki og Stokkseyri til samans. Enn er ósamið við garðyrkjubændur um raforkuverð og hefur flutningur rafmagnsins hækkað umtalsvert. Ef samningar nást ekki um raforku- og flutningsverð á rafmagni bendir ýmislegt til þess að garðyrkjubændur treysti sér ekki til þess að nýta sér lýsinguna og þá eru um 70 ársverk í hættu hér í hreppnum. Hér er strax um eitt afar brýnt verkefni að ræða til úrlausnar fyrir hina nýju ríkisstjórn. Víst er að garðyrkjan er umhverfisvæn, hún er gjald-eyrisskapandi og er ein af undirstöðuatvinnuvegum okkar hér í hreppnum.

Hreinsistöðin á sinn stað

Samningar hafa náðst milli Hrunamannahrepps og eigenda Byggðar á Bríkum um að setja niður hreinsistöð frárennslis þar sem gert var ráð fyrir. Eigendur landsins eru þeir bræður og frændur Guðmundur og Árni Hjaltasynir og Páll Guðmundsson. Þeir hafa stofnað eignarhaldsfélagið Byggð- á Bríkum um verkefnið í Sunnuhlíðarlandinu þar sem gert er ráð fyrir að byggðar verði yfir 120 íbúðir í framtíðinni. Um nokkurn tíma hafa staðið yfir viðræður milli Hrunamannahrepps og eigenda Byggðar á Bríkum um samvinnu varðandi verkefnið. Þeir samningar hafa enn ekki náðst en vonandi finnum við sameiginlega lausn á verkefninu.

Starf í umönnum

Viljum ráða góða manneskju til að fylgja fötluðum unglingi í júní og júlí í sumar. Vinnutími er frá kl. 9 til kl. 12 eða eftir samkomulagi. Sveitarstjóri eða félagsmálastjóri gefa allar upplýsingar um starfið.

Fundur með forráðamönnum Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Í síðust viku var fundur með forsvarsmönnum skólamála í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Mjög gott samstarf er um skólamál milli hreppanna. Ýmislegt var til umræðu m.a. hugmyndir um viðbyggingu íþróttahúss sem menn telja þó ekki raunhæfar um þessar mundir. Félagsmiðstöðin sem Jón Hjalti Sigurðsson hefur stýrt ásamt með Önnu Ásmundsdóttur hefur reynst vel og verður væntanlega framhald á þeirri starfsemi næsta vetur.

Almannavarnarnefnd

Eins og áður hefur komið fram er verið að vinna að því að fullskapa sameiginlega almannavarnarnefnd í Árnessýslu. Í stjórn nefndarinnar eru: Ragnheiður Hergeirsdóttir formaður, Aldís Hafsteinsdóttir og Jón Valgeirsson sem er ritari nefndarinnar. Í vikunni fjallaði héraðsnefnd Árneseinga um fjárhagsáætlun nefndarinnar og fyrirhugaða starfsemi. Enn er þó gamla almannaverndarnefndin hvött til þess að vera í viðbragðsstöðu þar til hin nýja almannavarnarnefnd hefur tekið til starfa.

Tónleikahrinin að mestu yfirstaðin

Mikið hefur verið um að vera hjá þeim fjölmörgu kórum sem eru starfræktir hér um slóðir. Uppsveitasystur hafa ferðast um og sungið á Flúðum, Hvolsvelli og á Selfossi. Vörðukórinn var með tónleika á Flúðum og um síðustu helgi söng kórinn í Reykholti í Borgarfirði. Karlakórinn söng einnig á Flúðum og um síðustu helgi í Selfoskirkju. Líkja má þessu tónleikahaldi við uppskeruhátíð kóranna en mjög góður rómur hefur verið gerður að tónleikahaldinu áheyrendum og þátttakendum til mikillar ánægju. Í kvöld verða svo tónleikar í Skálholtskirkju þar sem sænskur kór mun syngja ásamt Skálholtskórnum og karlakór Hreppamanna.

Vínbúð opnar á Flúðum

Framkvæmdir við breytingar á húsnæði gamla bankans á Flúðum standa nú yfir. Ef allar áætlanir ÁTVR standast verður vínbúðin opnuð í lok þessa mánaðar.

Markavörður Árneseinga

Á fundi Héraðsnefndar Árneseinga sem haldin var í vikunni var Loftur Þorsteinsson f.v. oddviti Hrunamannahrepps kjörinn í embætti markavarðar Árneseinga austan vatna. Loftur tekur við embættinu af Arnóri heitnum Karlssyni.

Bakkatúnsvegur stopp í kerfinu.

Um langt skeið hefur hreppsnefnd unnið að því að fá að leggja svo-kallaðan Bakkatúnsveg. Nú sem stendur er málið í kærufjerli í samgönguráðuneytinu og hefur hreppsnefnd borist bréf að sakir anna í ráðuneytinu hafi ekki verið hægt að skera úr um þá kæru fyrr en í lok þessa mánaðar. Þannig að þetta gamla mál er enn í biðstöðu.

Enginn styrkur frá ríkinu

Um tveggja ára skeið hafa staðið yfir miklar framkvæmdir við fáveituframkvæmdir hér á Flúðum sem haldið verður áfram með niðursetningu hreinsistöðvar á þessu vori. Framkvæmdir sem þessar eru mjög nauðsynlegar út frá umhverfissjónarmiðum í þessu mikla matvælahéraði. Sérstök lög eru um stuðning við framkvæmdir sem þessar nr.53/ frá árinu 1995. Stuðningurinn hefur numið u.þ.b. þeim virðisaukaskatti sem sveitarfélögin greiða við framkvæmdirnar. Í bréfi frá umhverfissráðuneytinu sem barst í lok apríl segir að umsókn sveitarfélagsins sé hafnað þar sem engir fjármunir séu til ráðstöfunar í fráveitusjóði til að styrkja framkvæmdir sem unnar voru árið 2008. Þetta er auðvitað mikið áfall fyrir sveitarfélagið okkar og þau sveitarfélög sem hafa unnið að fráveitufamkvæmdum á síðustu árum. Sveitarfélögin hafa ekki fram til þessa komist upp með að brjóta lög með þessum hætti.

Aðalfundur og Árshátíð ÁSÆLS.

Aðalfundur og Árshátíð ÁSÆLS verður fimmtudaginn 4. júní í golf-skálanum Efra-Seli.

Aðalfundurinn hefst kl.20.30 stundvíslega. Dagskrá: Venjuleg aðalfundarstörf. Unnsteinn Hermannsson og Bjarni Valur Guðmundsson gefa ekki kost á sér til endurkjörs.

Strax að loknum aðalfundi hefst árshátíðin með veislumat að hætti húsráðanda á Efra-Seli. Skemmtiatriði glens grín og gaman. Miðaverð 3800kr. Pantanir berist fyrir mánudagskvöldið 1. júní.

Esther 8658761. Heimir 8943030. Samúel 8641758.

Félagar fjölmennum og eigum skemmtilega stund saman.

Stjórn og skemmtinefnd.

Frá sóknarnefnd Hrunakirkju.

Laugardaginn 23 maí verður hreinsunardagur í Hrunakirkjugarði frá kl. 13.00.

Á staðnum verða þökur og mold til lagfæringar á leiðum. Mörg leiði hafa komið illa undan vetri eins þurfa mörg minningarmörk lagfæringar við. Er þetta tilvalið tækifæri til að laga þau fyrir sumarið. Fólk er eindregið hvatt til að mæta og huga að leiðum ástvina sinna. Sóknarnefnd verður til aðstoðar fyrir þá sem það vilja.

Nánari upplýsingar í síma 8996412 Marta og 8943333 Unnsteinn.

Orðsending til eldri Hrunamanna.

Kæru félagar.

21.maí verða 60 eldri borgarar sunnan úr Garði og Sandgerði á ferð hér um sveitir. Þau munu gista og snæða kvöldverð á Hótel

Heklu ,Brjánstöðum. Formaður þeirra hafði samband hingað til okkar og lýsti áhuga á því að hitta féлага héðan úr nágrenninu og gaman væri ef einhverjir hefðu tök á að vera með þeim í matnum og eða koma á eftir og gleðjast saman.

Þessari hugmynd var vel tekið af okkar hálfu. Loftur verður leiðsögu- maður þeirra frá Brúarhlöðum og niður Hrepp. Ef til vill eiga einhverjir kunningja í hópnum og væri þetta því gott tækifæri að hittast.

Þeir sem hafa áhuga vinsamlegast hafi samband við Bubbu í síma 4866-670 eða 8933674 í síðasta lagi 18.maí.

Orðsending til eldri Hrunamanna !

Nú er komið að því að hreyfa sig. Eins og síðast liðin sumur ætlum við að fara í gönguferðir annan hvern þriðjudag og þúttvöllinn á Efra-Seli hinn þriðjudaginn. Það á að mæta við Félagsheimilið þriðjudaginn 2.júní kl.13 og á þá að fara í göngu, en svo á þriðjudaginn 9.júní kl. 10:30 á þúttvöllinn.

Verið nú duglega að mæta. Öll hreyfing er góð, og svo er gaman að hittast

Göngunefnd

Félagþjónusta í uppsveitum Árnassýslu og Flóa

Félagsleg heimaþjónusta:

Lifandi og skemmtilegt starf.

Óskað er eftir einstaklingi í sumar-afleysingar við félagslega heimaþjónustu. Starfið felst í heimilishjálpi og ýmis konar þjónustu í heimahúsum. Leitað er eftir jákvæðum og hressum einstaklingi sem á auðvelt með að starfa sjálfstætt.

Greidd eru laun skv. kjarasamningi Félags opinbera starfsmanna á Suðurlandi, FOSS.

Nánari upplýsingar gefa Nanna Mjöll Atladóttir, félagsmálastjóri og Sigrún Símonardóttir hjá Félagþjónustu uppsveita Árnassýslu og Flóa, Heilsugæslustöðinni í Laugarási, í síma: 480-8805.

Vorsýning

Okkar árlega Vorsýning verður haldin í leikskólanum Undralandi föstudaginn 15. maí frá kl:16.00-18.00.

Allir eru velkomnir í leikskólann að líta á verk barnanna.

Klukkan 16:30 syngja leikskólabörnin
nokkur lög fyrir gesti.

Foreldrafélagið verður með kökubasar í leikskólanum á meðan sýningu
stendur, í fyrra fengu færri en vildu.

Tilvalið er að enda vikuna á að mæta á þennan menningarviðburð og njóta
listarinnar sem hinir ungu listamenn hafa skapað og krækja sér í köku.

Vorsýningin er hluti af menningu og hefðum leikskólans og uppskeruhátíð
barnanna.



Flugdagurinn á Flúðum.

Þrátt fyrir kreppu og kraðak, ætla Georg Ottósson og Magnús Víkingur að standa fyrir flughátíð á Flúðaflugvelli þann 13. júní nk. Þar verður eins og tvö undanfarin ár vakin upp áhugi fólks á því merkilega og stórkostlega fyrirbæri sem flugið er. Ef veður leyfir verður fólki boðið í útsýnisflug yfir sveitina. Þá verður landingakeppni, sem á að skera úr um hver er hæfastur að bjarga sér og farþegum sínum ef drepst á mótornum. Boðið verður uppá pylsur og gos á kostnaðarverði. Þá verður grænmetisbúð og ýmislegt fleira.

Hátíðin hefst klukkan 14:00

Látið ykkur ekki vanta.

Opið hús hjá BM Vallá á Flúðum

Laugardaginn 23. maí n.k. mun BM Vallá vera með opið hús í límrétsverk-smiðjunni á Flúðum.

Þennan dag mun fyrirtækið vera með opið hús á vinnu-stöðvum sínum um allt land í tilefni af sumarkomu.

Á Flúðum mun verksmiðjan opna dyr sínar kl. 12:00 og

hafa opið til kl. 16:00. Í tilefni af sumarkomunni verða kynntar garðvörur sem og vörur fyrir viðhald húsnæðis og ýmsar bygginga-lausnir. Kynningarmynd um fyrirtækið verður til sýnis á meðan opið er.

Það er því tilvalið fyrir heimamenn sem og sumarbústaðagesti að skella sér í heimsókn til BM Vallá á Flúðum laugardaginn 23. maí og kynnast íslenski iðnaðarframleiðslu eins og hún gerist best. Það verður heitt á könnunni.



Fjallaraf
sími 662 0530

Hjörleifur Ólafsson

Raffræðingur Lóggiltur rafverktaki

Fossi

Hrunamannahreppi

845 Flúðir

Sími 662 0530

Fax 486 6432

fossi@fossi.is

Hrunaspjall

Fregnir fræðsla og tilkynningar úr Hrunaprestakalli.

Nú má með sanni segja að vorvindar glaðir blási, bæði glettnir og hraðir. Allt er að kvikna og taka við sér. Vonandi verður svo einnig í atvinnulífi þjóðarinnar að ný árstíð blási kappi í kinn.

Kristnihaldið hefur verið með hefðbundnu sniði í vetur. Það sem helst veldur áhyggjum er dræm þátttaka í barnastarfinu, það er nokkuð sem þarf að skoða og góð ráð vel þegin. Sumir virðast halda að fáir nýti sér það helgihald sem í boði er. Fyrir aðalsafnaðarfundu sóknanna tók ég saman hver meðalfjöldi kirkjugesta var í messum síðasta árs og niðurstaðan var sú að í Hrunakirkju voru að meðaltali 60 kirkjugestir og í Hrepphóla-kirkju 46 kirkjugestir.

Úr kirkjubókinni (frá áramótum)

Skírnir:

29.mars var **Arnór** skírður í Hrunakirkju. Hann er fæddur 17. febrúar 2009 Foreldrar hans eru Karl Guðmundsson og Valný Björg Guðmundsdóttir Skipholti.

18. apríl var **Eva Ósk** skírð í heimahúsi. Hún er fædd 23. febrúar 2009. Foreldrar hennar eru Ólafur Bjarni Sigursveinson og Marlín Aldís Stefánsdóttir Austurhofi 3 Flúðum.

10. maí var **Ásgeir Ægir** skírður í heimahúsi. Hann er fæddur 2. apríl 2009. Foreldrar: Gunnar Þór Jóhannesson og Arndís Eiðsdóttir Akurgerði 3 Flúðum.

Fermingar:

23. apríl fermdust í Hrunakirkju:

Páll Orri Þrastarson Högnastíg 8 Flúðum

Guðmundur Aron Víðisson Högnastíg 10 Flúðum

Guðjón Örn Sigurðsson Skollagróf

Kristlaug Þórsdóttir Kópavatni

26. apríl fermdust í Hrepphólakirkju:
Birgir Örn Steinarsson Auðsholti
Brynjólfur Geir Magnússon Dalbæ
Hafþór Ingi Ragnarsson Birtingaholti
Þórmundur Smári Hilmarsson Syðra- Langholti.

Hjónavígslur:

14. febrúar voru Árni Magnús Hannesson og Azeb Kahssay Gebre gefin saman í Hrunakirkju. Heimili þeirra er Gilsbakki, Flúðum.

28. febrúar voru Ámundi Elísson og Elín Jónsdóttir gefin saman í Hrepphólakirkju. Heimili þeirra er Breiðás.

Helgihaldið framundan

Hvítasunnudagur 31.maí

Tungufellskirkja messa kl.11

Fermd verður Maríanna Svansdóttir Tungufelli.

Hrunakirkja messa kl.14

Fermdir verða:

Andri Þórarinsson Reykjadal

Jónas Rafn Ölvisson Smiðjustíg 19 Flúðum

Halldór Sigmar Guðmundsson Skyggni.

Annar í Hvítasunnu 1. júní.

Hrepphólakirkja hátíðarmessa kl.11

Ekki fleira að sinni.

Eiríkur Jóhannsson

Vantar litla íbúð/sumarbústað til leigu frá 2. júní til 2. september 2009 við Flúðir. Má helst vera með húsgögnum, leiga má vera í kringum 30-35 þús.

Vinsamlega hafið samband í síma 898 7361

LANDSTÓLPI

leiðandi fyrirtæki
á landsbyggðinni

Við minnum á búrekstrarvöruverslun okkar

Þar höfum við meðal annars til sölu:

Kálfaduft tvær gerðir, startfóður (musli) fyrir ungfálfa
og framhaldsfóður fyrir eldri kálfa,
Propylenglycol - súrdoðaorkuskotið,
Einnig hestakjarnfóður í 25 kg. pokum

Verið ávallt velkomin

Kálfafóður



Vitalic - hestakögglar



Fjölbreytt úrval festinga

Eigum ávallt á lager milligerðir,
átgrindur, milligrindur,
þriggjaröragrindur, steinbita,
gúmmimottur og renninga ásamt
fleiru í fjósið.



480 5600

landstolpi.is

Er bíllinn orðinn óhreinn ??



Tek að mér að þrifa og bóna bíla af öllum stærðum og gerðum innan sem utan.

Góð og vandvirk þjónusta, nota einungis góðar og viðurkenndar vörur. Get sótt bíla ef þess sé óskað.

Verðskrá:

	Fólksbíll:	Jeppar:
Þvottur og bón:	4000.-	5000.-
Alþrif og bón:	5900.-	6900.-
Alþrif án bóns:	4000.-	5000.-

Stærri bílar verð eftir samkomulagi.

Sími: 6977021
Björgvin

Samkaup strax

Opnunartími Versl. Strax.

Mánudaga til föstudaga	09:00-19:00
Laugardaga	10:00-19:00
Sunnudaga	10:00-17:00

Verið velkomin.

Starfsfólk Versl.Samkaup strax
á Flúðum.

Sundlaugin á Flúðum.

Opnunartími .

Mánudaga til föstudaga:	16:00-21:00
Laugardaga:	10:00-18:00
Sunnudaga:	13:00-18:00

Skrifstofa Hrunamannahrepps

Opnunartími hreppsskrifstofu

Mánudaga til föstudaga:

09:00-12:00 og 13:00-16:00

Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar

í Laugarási **480 5300**

Vaktsími í neyðartilvikum er 892 8804

Taktu þér tak með
Herbalife.

Hringdu og fáðu frían
prufupakka

Eva Marín Hlynsdóttir
Sjálfstæður dreifingar-
aðili Herbalife.

siljal@simnet.is / 892

16

6728



í síma:

Hár-Hrun

Klippir í Félagsheimili Hruna-
manna

Vinsamlegast pantið tíma

486-5535 og **899-9665**.

Inga Birna.

Flúðaleið ehf

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

12:00 frá Landflutningum og

13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Nánari upplýsingar eru hjá Pálmari í síma 892-2370.

Vöruafgreiðsla á Flúðum: 486-1070 fax 486-6693

netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum:

892-2371- Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamanna-
hreppur.

892-2372 -Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2308- Trailer

892-2316- Trailer

Með von um gott samstarf
Starfsfólk Flúðaleiðar

Frá Kvenfélagi Hrunamannahrepps Vorfundur – vorferðalag

Vorfundur Kvenfélags Hrunamannahrepps verður haldinn föstudaginn 22. maí. Fundurinn verður haldinn í Veitingahúsinu Lindinni á Laugarvatni. Kíkt verður við í galleríinu á Laugarvatni í leiðinni. Félagið býður upp á rútu en málsverð á Lindinni greiði konur sjálfar.

Félagskonur vinsamlegast athugið að ykkur berst nánari tilhögun um fundinn í pósti, ásamt upplýsingariti félagsins og Ársriti SSK.

Allar félagskonur hvattar til að fjölmenna í skemmtilega ferð og taka með sér nýja féлага.

Hlökkum til að sjá ykkur sem flestar.

Stjórn og meðstjórnendur.

Vöruflutningar
Reykjavík—Árnessýsla



VÖRUFLUTNINGASTÖÐIN

Vörumóttaka Héðinsgata 1-3
Sími: 533 2211

VÖNDULL ehf
FLUTNINGAÞJÓNUSTA Í
ÁRNESSÝSLU.

Brottför frá Reykjavík, Héðinsgötu 1-3 sími: 533 2211. Mánudaga til föstudaga kl. 13:00, Á Selfossi hjá Húsasmiðjunni og

Byko kl. 14:00 .Einnig hjá öðrum fyrirtækjum eftir þörfum.

Upplýsingar í síma: 856 1580 Unnar

856 1581 Stefán





Eurovision Tilboð 16. maí

Í tilefni af Eurovision söngvakeppninni þann 16. maí verða **allar pizzur af matseðli + 2 ltr. gos með 20% afslætti þann dag.**

Kaffi-Sel er nú opið alla daga frá kl. 8.00 til 21.00, eldhúsið lokar kl. 20.30

**Verið hjartanlega velkomin
Kaffi-Sel - Sími 486-6454**

Heimasíða: www.kaffisel.is Netfang: info@kaffisel.is

Nýtt símanúmer
Hjá Ferðamiðstöðinni á Flúðum (486 6535)
Gsm: 618 5005

Til sölu er fullkomið billiardborð. Nánast ónotað
Ferðamiðstöðin Flúðum.

Vantar góðan ræstitækni í sumar í nokkrar klst. á viku, morgun
og kvöld (8-10 og 17-19) fös, laug og sunnudaga.
Ferðamiðstöðin Flúðum.

Potzebuję ocdoj do spzotania kilka gockin w tygodniu, rano i
wiezrem (8-10 17-19)
w piotki, soboty i nieckiele
Gsm 618 5005



Flóðum, Hrunamannahreppi,
Sími: 480 6620, Netfang: undraland@undraland.is



KÖKUBASAR



Föstudaginn 15. maí

kl. 16:00

í

Undralandi



Basarinn er ein af fjáröflunum foreldrafélags leikskólans og er ágóðinn notaður í margvíslegt starf leikskólans s.s. rítuferðir og ýmis tæki og leikföng er henta starfi leikskóla.

VIOLA snyrtistofa á Flúðum
Eftirfarandi meðferðir eru í boði
Andlitsbað Húðhreinsun
Litun og plokkun Handsnyrting
Fótsnyrting Förðun Vaxmeðferðir
Tímamantanir í síma 566-8342
og 856-1599(Hlíf)

Bændamarkaður á Flúðum í sumar.

Bændamarkaður verður í sumar í “gömlu Ferðamiðstöðinni, á Flúðum.
Fyrsta opnun verður um Hvítasunnuna en þá verður opið á laugardag 30. maí og
sunnudag 31. maí milli 11:00 og 17:00.

Aðrar helgar verður opið á laugardögum milli 11:00 og 17:00.

Enn eru laus borð fyrir fólk sem vill selja bæði notað og nýtt, grænmeti, kjöt,
bakkelsi og handverk og hvað eina sem fólki dettur í hug. Tökum í umboðsölu fyrir
aðra gegn prósentum.

Þeir sem hafa áhuga á að leigja borð eða fá selt fyrir sig hafið samband við:

Hönnu s. 486-6715, 849-8454 eða Esther s. 486-6590, 865-8761.

SÖNGUR OG GRÍN!!

Óskar Pétursson, Örn Árnason og Jónas Þórir
eru yfirlíðsbræður...

Söng og grínskemmtun af bestu gerð í Félagsheimilinu á
Flúðum kl. 21:00 fimmtudaginn 21. maí.
Frábær skemmtun fyrir alla.



Göngugarpar!!

Á skrifstofu Hrunamannahrepps eru til sölu kort af
gönguleiðum í Hrunamannahreppi.

Kortið kostar 500 krónur

Tilkynning.

Pípuhlið, sem auglýst var eftir í síðasta Pésa er komið í leitirnar, hafði sá er hirti
það, talið þar vera rusl í vegkanti, sem betur væri fjarlæggt sveitinni til fegrunar.
Auk þess sem möguleiki væri á að nýta annars staðar, en komst að þeirri niður-
stöðu að því sem næst ónýt væri og skilaði því niður á Litlu Laxár eyrar. Hinn
bóngóði maður Eiríkur á Grafarbakka tók að sér að flytja það þaðan til eiganda.

Þökk sé honum

Frá Búnaðarfélagi Hrunamanna

Aðalfundur var haldinn 29. apríl síðastliðinn. Sigurður Ágústsson gekk úr stjórn og Þórunn Andrésdóttir var kosin í hans stað. Stjórnin er búin að skipa með sér verkum. Formaður er Aðalsteinn Þorgeirsson, ritari er Sigurjón Sigurðsson og gjaldkeri er Þórunn Andrésdóttir.

Við viljum minna á tækjaleigu Búnaðarfélagsins.

Haughræran verður ekki leigð utansveitar.

Ef tækjum er skilað skítugum er 5.000 kr. hreinsunargjald. Minnum sérstaklega á að skila hestakerrunni hreinni þar sem hún fer landshluta á milli.

Tækin eru staðsett á Hrafnkelsstöðum og Kotlaugum og sjá Aðalsteinn og Sigurjón um tækin. Hestakerran er staðsett á Kotlaugum.

Ýtupantanir eru í umsjón Grétars Skúlasonar í síma 894-7208.

Nánari upplýsingar og pantanir eru hjá Aðalsteini í síma 898-1591,

Sigurjóni í síma 893-5212 og Þórunni í síma 860-1329.

Tæki	Verð	Eining
Ýta m/manni	10.000	klst
Kornskurðarvél m/manni	17.000	klst
Kornskurðarvél utansveitar	22.000	klst
Komugjald kornskurðarvél	12.500	klst
Kornvals	3.000	klst
Pinnatætari	2.300	klst
Plógar 5 skeri	2.300	klst
Plógar 3 og 4 skeri	1.800	klst
Haughræra	6.000	klst
Steypuvél	3.000	klst
Steypuvél pokagjald	50	poki
Loftunarrípper	3.000	á dag
Loftpressa	3.000	á dag
Kalkdreifari	500	á tonn
Haugsuga 0-20 tímar	2.900	klst
Haugsuga 21-	2.300	klst
Flaghefill	1.000	klst
Sturtukerra 0-20 tímar	2.000	klst
Sturtukerra 21-	1.600	klst
Valtari	1.500	hektari
Ruddasláttuvél	1.100	klst
Diskaherfi	2.200	klst
Fjaðraherfi	3.000	klst
Hestakerra 0,5 dagur	2.500	
Hestakerra 1 dagur	5.000	á dag
Hestakerra utansveitar	10.000	á dag

Anna Marý í hjartaaðgerð

Anna Marý Yngvadóttir er fjögurra ára stúlka, búsett í Mývatnssveit, dóttir Ásdísar Erlu Jóhannesdóttur frá Syðra-Langholti. Hún er fædd 16. október 2004 og fljótlega eftir fæðingu greindist hún með þrengsli í ósæð og fór í hjartaaðgerð 5 vikna gömul. Nú þarf hún að fara í sína aðra hjartaaðgerð sem verður framkvæmd í Boston og fóru hún og foreldrar hennar utan þann 10. maí síðastliðinn. Svona ferð kostar mikið, bæði vegna vinnutaps og upphalds foreldranna og hefur verið stofnaður söfnunarreikningur þeim til handa.



Reikningurinn er í Sparisjóði S. Þingeyinga
1110 - 05 - 402650 kt. 020672-4719.

Vinir

Frá Bókasafni Hrunamanna

Vinsamlegast athugið breyttan opnunartíma yfir sumarmánuðina.

Sumaropnun frá 15. maí – 31. ágúst:

Mánudaga Kl. 20-21
Þriðjudaga Kl. 16-18
Miðvikudaga Kl. 16-18
Fimmtudaga LOKAÐ

**ATHUGIÐ: LOKAÐ VERÐUR DAGANA 8., 9. OG 10. JÚNÍ V/
SUMARLEYFIS.**

Alltaf eitthvað nýtt efni í hverri viku.
Aðgangur að tölvu fyrir almenning gegn vægu gjaldi.
Vinsamlegast munið að skila bókum.

Munið heimasíðu bókasafnsins.

Lestrarstund er gæðastund – Sjáumst á bókasafninu **J** !

Sími: 486 6708

Netfang: bokasafn@fludir.is

Heimasíða: <http://www.fludir.is/bokasafn1/>

Sumarfrí verður frá 1.júlí til og með 12. ágúst.
Starfsdagur er 12. ágúst og hefst Leikskólinn
aftur 13. ágúst.

Umsóknir fyrir haustið

Foreldrar athugið:

Vinsamlega sækið um vistun fyrir næsta haust fyrir
1.júní.

Skráning er skipulögð af leikskólastjóra.

Umsóknareyðublöð, vistunar- og dvalarreglur eru að-
gengileg í leikskólanum og á heimasíðunni undra-
land.is.

Lágmarksvistun eru fjórir samliggjandi dagar með sama
vistunartíma.

Ef foreldrar vilja breyta vistunartímanum látið vita
fyrir 1.júní.

Vistunartímar leikskólans

4 tíma vistun. 8:00-12:00 / 9:00-13:00

5 tíma vistun. 8:00-13:00 / 9:00-14:00

6 tíma vistun. 8:00-14:00 / 9:00-15:00

7 tíma vistun. 8:00-15:00 / 9:00-16:00

8 tíma vistun. 8:00-16:00 / 9:00-17:00

9 tíma vistun. 8:00-17:00

Mikilvægt er að uppsagnarfrestur sé virtur, þ.e.
mánaðaruppsagnarfrestur.

Gjaldskrá Undralands 2009

	Gjald fyrir vistun 1 dag í viku	Gjald pr. mán. fyrir vistun 5 daga í viku.	Gjald fyrir vistun 1 dag í viku.	Gjald förgangshópa pr. mán. fyrir vistun 5 daga í viku.
1 klst	547	2.735	410	2.051
4 klst	2.188	10.941	1.641	8.206
5 klst	2.735	13.676	2.051	10.257
6 klst	3.282	16.412	2.462	12.309
7 klst	3.829	19.147	2.872	14.360
8 klst	4.376	21.882	3.282	16.412
9 klst	4.923	24.617	3.693	18.463

Afsláttur á vistunargjöldum:

Annað barn 25% afsláttur

priðja barn 100% afsláttur

Forgangshópar 25% afsláttur

Matarkostnaður á dag:

Morgunhressing 50 kr.

Síðdegishressing 75 kr.

Hádegismatur 200 kr.

Hægt er að kaupa aukavistun hjá deildar- aðstoðar- og leik-
skólastjóra, ef mannaflí leyfir, þá kostar hver klukkustund
195 kr.



“Med lust och fägring stor...”


Tónleikar í Skálholtskirkju

Koralkórinn, Älta Cantaton/Havssångarna frá Nacka í Svíþjóð ásamt Skálholtskórnum og Karlakór Hreppamanna halda söngskemmtun og tónleika í Skálholtskirkju föstudagskvöldið 15.maí kl. 20:00.

Kórarnir syngja hver fyrir sig en auk þess syngja Skálholtskórinn og sænsku kórarnir saman nokkur lög og sálma. Á efnisskrá kóranna er bæði trúarleg och veraldleg tónlist. Stjórnendur: Kamilla Arlestrand, Charlotte Granberg, Hilmar Örn Agnarsson og Edit Molnar Aðgangur er ókeypis

WWW.NACKAFORSAMLING.SE
08-546 06 100

Svenska kyrkan 
NACKA FÖRSAMLING



folaldasýningu 25 apríl og firmakeppni 1. maí

Ljós m: SigSigm



Uppsveitasystur á Vorkvennasöng í Félagsheimilinu á Flúðum þann 30 apríl sl,
og Vörðukórinn á söngskemmtun í Félagsheimilinu á Flúðum þann 22. apríl sl.

